

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, stækkun þéttbýlis í Fellahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júní 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, frá 31. ágúst 2001.

Breytingin felst í því að þéttbýlissvæðið Fellabær er stækkað úr 68 ha í 146 ha. Svæðið sem tekið er undir þéttbýli er annars vegar skilgreint í gildandi svæðisskipulagi sem landbúnaðarsvæði og hins vegar sem iðnaðarsvæði (svæði I5).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fellahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 9. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUR

um greiðslu eftirlauna forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til greiðslu eftirlauna og lífeyris úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, sem tóku gildi þann 30. desember 2003.

Reglurnar taka ekki til hæstaréttardómara sem veitt er lausn samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr.

Réttindi.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins skal halda skrá yfir áunnin réttindi til eftirlauna úr ríkissjóði og senda árlega upplýsingar til rétthafa.

3. gr.

Um ákvörðun eftirlauna ráðherra og alþingismanna.

Við ákvörðun á rétti til töku eftirlauna skal telja með þann tíma sem ráðherra eða alþingismaður hefur átt rétt til biðlauna samkvæmt lögum um þingfararkaup.

Alþingismaður eða ráðherra sem öðlast hefur eftirlaunarétt samkvæmt eldri lögum getur við upphaf lífeyristöku valið að taka eftirlaun samkvæmt þeim eða lögum nr. 141/2003.